

## Kvenfrelsunarritskoðun Kåre Fog

Kåre Fog, er líffræðingur, f. 1949, menntaður við Háskólann í Kaupmannahöfn. Hann skrifaði greinina, „Kvenfrelsunarritskoðun,“ í „Tímarit fyrir upplýsingasiðferði“ árið 2018. Hér er údráttur hennar:

Formælendur kvenfrelsunar eiga greiðan aðgang að fjölmiðlum. Öðru máli gegnir um þá, sem andmæla málflutningi þeirra, jafnvel þótt í anda jafnréttis sé. Sömu sögu er af sjónvarpsþáttum að segja. Sé kvenfrelsurum andmælt, er tjaldið samstundis dregið niður og aðgangur bannaður. Það er afar erfitt að finna útgefanda að bók, þar sem kvenfrelsun er gagnrýnd. Takist það á annað borð, er líklegt að hún fái ekki umsögn í fjölmiðlum og falli í gleymsku og dá. Þetta á einnig við um fræðibækur, þar sem umfjöllun er mildileg og með skírskotun til margra heimilda.

Rannsókn á alþjóðlegum bókaskráum tíu þúsunda bókasafna leiddi í ljós, að kvenfrelsunarbækur – jafnvel þær, sem boðuðu svæsið karlhatur – eru keyptar inn í meira mæli, heldur en bækur, sem fjalla um sjónarmið karla. Venjulega eru þær einnig þýddar á miklu fleiri tungumál. Bækur, sem höfundur gefur út, eru óvída aðgengilegar.

Í Bandaríkjum Norður-Ameríku (BNA) voru skoðuð átta yfirlitstímarit (review journals) og þrjátíu og fjórir útgefendur. (Dwyer 2016). Niðurstaðan er sú, að 78% almenns starfsliðs eru konur, í framkvæmdastjórn er hlutfallið 58%.

Í aðfaraorðum í bók, sem Mike Buchanan gaf út árið 2012, skrifar Erik Pizzey, stofnandi fyrsta kvennaathvarfs samtímans í Lundúnum: „Mike Buchanan er afar hugprúður karlmaður. Ég hef þekkt aðra karlmenn, sem reynt hafa að benda almenningi á þann skaða, sem róttækir kvenfrelsarar hafa valdið. Margir þeirra hafa misst vinnu sína og engum þeirra lánaðist að finna útgefanda að bókum sínum.“

Sé kvenfrelsurunum ekki mótmælt skjóta rangar upplýsingar rótum í huga almennings. Meira að segja þáverandi forseti BNA, Barack Obama, og varaforseti, Joe Biden, tölu sig hafa á hreinu, hversu margar konur yrðu fyrir nauðgun í háskólum vestan hafs; ein af hverjum fimm. Í kvenfrelsararannsóknnum að baki þessum tölum, er hrært saman alls konar „árásur,“ sem námsmeyjar telja sig verða fyrir. Opinberar tölur benda hins vegar til, að árásirnar séu nær hundrað sinnum færri.

Svipaðar rangupplýsingar eru uppi á teningnum með tilliti til ofbeldis í nánum samböndum. „Hefði Erin Pizzey ekki verið múlbundin af breskum, ofbeldisfullum, róttækum kvenfrelsurum, hefði almenningur komist að því, að jafn margar eiginkonur beita eiginkarla sína ofbeldi og öfugt – og [sama á við um] beitingu banvænna vopna (hnífa, skotvopna). Svipaðar staðhæfingar mætti gera um önnur þau málefni, sem eru mikilvæg andstæðingum kvenfrelsunar.“

Kvenfrelsun er hugmyndafræði, sem elur á hatri gagnvart körlum, sérstaklega þó hatri á karlmönnum, sem kynnu að verða elskhugar þeirra. Er líklegt, að þeim sé umhugað að ganga með höturum sínum í eina sæng? Hugsanlega mun fæðin stuðla að færri barnsfæðingum. Í

Danmörku og víðar sjást vísbendingar um samhengi aukinnar kvenfrelsunar og upplausnar fjölskyldna og lækkunar fæðingartíðni.

Nýlega skoðanakönnun in Bretlandi afhjúpar, að flestir aðspurðra leggja mesta fæð á hvíta karlmenn á þrítugsaldri. Einungis átta af hundraði töldu þá hafa meira jákvætt til brunns að bera, heldur en neikvætt. Hvítar konur á sjötugsaldri eru taldar skipa þokkasælustu undirtegundina.

Þegar allt kemur til alls, er líklegt „að óheft kvenfrelsun muni stuðla að niðurrifi einmitt þeirra samfélaga, sem betur hlúa að og búa í haginn fyrir konur, en nokkur fyrri dæmi eru um í mannkynssögunni.“

[https://www.information.dk/debat/2008/02/feminismen-problemet-loesningen?lst\\_cnr&v=1](https://www.information.dk/debat/2008/02/feminismen-problemet-loesningen?lst_cnr&v=1)

„[S]amband dóttur og föður hefur úrslitaáhrif á [löngun konunnar til að eignast börn]. Því stjórnar móðirin. Þau neikvæðu viðhorf til föðursins, sem móðirin kynni að láta í ljósi, skjóta rótum í lífsviðhorfum dótturinnar. Kvenfrelsunin hefur [í senn] auðveldað slæmt umtal um pabba og skapað réttlætingu þess. Nú má álasa honum um hvern einn vanda, sem móðirin kynni að glíma við. Þegar dóttirin ljáir því eyra, hverfur traustið til karla almennt, því pabbi er fyrirmynd allra karla. Það er ekki vinnandi vegur jafnaldra af karlkyni að hnika því.“

„Bæði kyn verða að temja sér öðruvísi hugarfar. Mæður og dætur þurfa að horfast í augu við, að það sé rangt að kenna körlum um allt, sem miður fer. Það verður að renna upp fyrir körlum, að konur missa löngun til kynlífs og barneigna með körlum, sem eru penir, samviskubitnir og þjónustulundaðir. Kvenfrelsarar halda því ekki fram, að nokkrir karlmenn séu kúgarar – þeir segja, að það séu allir karlar, að peni karlinn sé varla betri, heldur en hinir. Kaupi karlmaðurinn þennan boðskap, mun hann óhjávæmilega vega um lífið eins og stór afsökun fyrir tilveru sjálfs sín. Engin konan getur með nokkru móti lagt elsku á svoleiðis karlmannssmíði. Einnig með þessum hætti eyðileggur kvenfrelsun.“